



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Þórunnartúni 6, mánudaginn 11. febrúar 2019 kl. 16:30.

(Fundur nr. 6. frá Hellu)

Mætt: Laufey Hannesdóttir, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Kristinn H. Þorsteinsson, Páll Ingbór Kristinsson (um Skype), Jónatan Garðarsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

### Dagskrá fundar

**1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Samþykkt með orðalagsbreytingum.

**2. Nýr samningur um Landgræðsluskóga kynntur**

Samningurinn var undirritaður fyrr um daginn (11.2.) af umhverfis- og auðlindaráðherra, formanni SÍ, landgræðslustjóra og staðgengli skógræktarstjóra. Samningurinn er gerður til 5 ára, með hækkun framlags úr 45 milljónum kr. árið 2020 í 50 millj. kr. árið 2021 og 55 m kr. frá 2022 til 2024.

**3. Rótarskot – samstarfssamningur við Slysavarnarfélagið**

**Landsbjörg**

12911 stk. seldust sem gerir 5,9 m kr. í tekjur. Sem þýðir að í vor verða gróðursettar 12911 plöntur á Hafnarsandi. Til stendur að skipuleggja gróðursetningardag í vor í samstarfi við Landsbjörgu, skógræktarfélag Ölfus o.fl. og gera eitthvað úr þessu sem vekur athygli.

**4. Alþjóðlegur dagur skóga 21. mars – dagurinn er helgaður skógum og menntun**

Grasagarðurinn í Reykjavík hefur áhuga að vera með í þessu. Steinar Björgvinsson ætlar að taka þátt og viðburðurinn verður fólgin í því að kenna fólki að þekkja sundur trjátegundir í vetrarbúningi.

## 5. *Fulltrúafundur 2019*

verður haldinn laugardaginn 16. mars, kl. 10-16. Eftir er að finna húsnæði fyrir viðburðinn, en verið er að kanna með Guðmundarlund í Kópavogi. Farið var yfir drög að dagskrá og komu fram tillögur um viðbætur. Meðal annars kæmi til greina að Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra mæti til að flytja ávarp um Græna stíginn. Þá kæmi til greina að Þráinn Hauksson landslagsarkitekt verði með kynningu á Græna stígunum.

## 6. *Verkefna- og rekstrarstyrkir umhverfis- og auðlindaráðuneytis til skógræktarféлага*

Skógræktarfélag Akraness: Trjárækt og stígar í votlendi (bara í stíga: 400 þús. kr.)

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar: Skógrækt í Hamranesi (500 þús. kr.)

Skógræktarfélag Íslands: Skógræktarnámskeið fyrir grasrótina (1500 þús. kr.)

Skógræktarfélag Íslands: Skógarráðstefna *kvenna* í Jönköping 2019: 350 þús. kr.

Skógræktarfélag Patreksfjarðar: Gróðurreitir í Patreksfirði (300 þús. kr.)

Skógræktarfélag Eyrarbakka: Umhirða á merkilegum trjálundi norðan við þorpið (200 þús. kr.)

## 7. *Önnur mál*

Erindi frá Bjarka Þór Kjartanssyni, gjaldkera Fossárfélagsins. Leysa þarf upp „Skógræktarfélag Kjósarsýslu“ og eignin inni á bankabók renni til þeirra féлага (Kjalnesinga, Kjósarhrepps, Mosfellsbæjar) sem fyrrum heyrðu undir þetta félagið.

Vegna erindis um lúkningu á Skógræktarfélagi Kjósarsýslu kt. 600269-3729, leggur stjórn Skógræktarfélags Íslands til að félaginu verði slitið formlega og eignum og ábyrgðum félagsins verði deilt niður í jöfnu hlutfalli til Skf. Kjalarness, Skf. Kjósarhrepps og Skf. Mosfellsbæjar.

Heiðurfélagar SÍ. Sex heiðursfélagar eru á lífi. Rætt var um að fjölga heiðursfélögum. Voru ýmis nöfn nefnd og stjórnarmenn beðnir að hugleiða fleiri nöfn.